

Atriðið var síðan tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnda.

Það virðist ljóst af því, sem að framan er rakið, að vitnið hefur þegar nægjanlega svarað spurningu þessari í framburði sínum. Spurningin er því þýðingarlaus fyrir málið, og með vísan til 3. tl. 125. gr. einkamálalaganna nr. 85 frá 1936 verður vitnið ekki skyldað til þess að svara spurningunni.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Þvi úrskurðast:

Vitninu, Vilmundi Jónssyni, er eigi skylt að svara framan-greindri spurningu.

Föstudaginn 7. marz 1947.

Nr. 136/1946. Réttvísin (Hrl. Gunnar J. Möller)

gegn

Guðmundi Þorvarðssyni.

(Hrl. Sigurður Ólason)

og

Val Einarssyni (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vátryggingarsvik.

Dómur hæstaréttar.

Brot hinna ákærðu, sem lýst er í héraðsdómi, varða þá báða við 248. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing þeirra, hvors um sig, hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu kosningarréttar þeirra og kjörgengis ber að staðfesta. Þá telst og rétt samkvæmt 68. gr. nefndra hegningarlaga sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærðu ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Ávæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Ákærði Guðmundur Þorvarðsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 400.00. Ákærði Valur Einarsson greiði málflutningslaun skipaðs

verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00, greiði báðir hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærðu, Guðmundur Þorvarðsson og Valur Einarsson, sæti hvor um sig fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu kosningaréttar og kjörgengis ákærðu á að vera óraskað. Svo skulu og ákærðu báðir sviptir ævilangt rétti til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast. Ákærði Guðmundur Þorvarðsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 400.00. Ákærði Valur Einarsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmans, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Gunnars Möllers hæstaréttarlögmans, kr. 500.00, greiði báðir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. júní 1946.

Ár 1946, fimmtudaginn 27. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2082—2083/1946: Réttvisin gegn Guðmundi Þorvarðssyni og Val Einarssyni, sem tekið var til dóms hinn 21. þ. m.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Þorvarðssyni bifreiðarstjóra, Vitastíg 17, og Val Einarssyni bifreiðarstjóra, Flókagötu 41, fyrir brot gegn XVIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Guðmundur er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur

14. maí 1915, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1934 $\frac{2}{\%}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. sbr. 30. gr. og 11. sbr. 32. gr. áfengislaganna nr. 64/1930.

1946 $\frac{6}{2}$ Sátt í Rvík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri.

Ákærði Valur er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. júní 1915, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1942 $\frac{7}{8}$ Sátt í Rvík, 30 kr. sekt fyrir brot gegn 26. gr. laga nr. 23/1941.

1945 $\frac{2}{\%}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðar-akstur.

Aðfaranótt laugardagsins 28. júlí f. á. brann bifreiðin R 1680 utan við þjóðveginn í Svinahrauni, skammt fyrir ofan Sandskeið. Bifreið þessi var fimm manna fólksbifreið af gerð ársins 1937, og brann allt í henni, sem brunnið gat. Bifreið þessi var eign ákærða Guðmundar, sem hafði þá fyrir nokkru eignast hana í skiptum fyrir aðra bifreið og með milligjöf frá sinni hendi. Telur ákærði Guðmundur bifreið þessa hafa staðið sér í 33 þúsund krónum. Auk skyldutryggingar bifreiðarinnar kaskótryggði ákærði Guðmundur hana hjá Sjávatryggingarfélagi Íslands h/f fyrir 15 þúsund krónum, en sú trygging var m. a. til brunatjóns. Eftir að ákærði Guðmundur eignaðist bifreiðina, varð hann brátt mjög óánægður með hana. Hann telur hana hafa verið meira og minna ónýta og segir hana ekki hafa komið í lag, þó að hann eyddi fé í viðgerð á henni. Þegar hann keypti hana, fékk hann ekki vitneskju um, að nein veðbönd hvildu á henni, enda vissi seljandi hennar ekki, að svo væri, en eftir að ákærði Guðmundur eignaðist hana, fékk hann vitneskju um, að á henni hvildi lögtaksskuld, sem nam á fimmta þúsund krónum. Ákærði Guðmundur kveðst hafa stórtapað á þessum og sumum fyrri bifreiðakaupum, og virðist allt þetta andstreymi hans hafa valdið honum miklum áhyggjum og hugarangri. Hann kveðst hafa fengið óbeit á bifreiðinni, ekki hafa viljað sjá hana og m. a. þess vegna ákveðið að láta hana brenna. Hann kvaðst í upphafi rannsóknarinnar ekki fyrst og fremst hafa ákveðið að brenna bifreiðina til þess að fá vátryggingarfé hennar. Síðar segir hann þá frásögn ákærða Vals rétta, að hann, ákærði Guðmundur, hafi, þegar hann bað ákærða Val að kveikja í bifreiðinni, sagzt verða gjaldþrota, ef bifreiðin yrði ekki brennd og hann fengi vátryggingarfé hennar, sem væri þeir einu peningar, sem hann ætti von í. Loks segir hann tilgang sinn með því að brenna bifreiðina hafa verið þann að fá vátryggingarfé hennar. Verður að álíta, að svo hafi verið, þó að andúð hans á bifreiðinni kunni að hafa ráðið þar nokkru um.

Hann bað nú kunningja sinn, ákærða Val, að kveikja í bifreiðinni,

og áleit ákærði Valur af orðum hans, að hann vildi láta kveikja í bifreiðinni í þeim tilgangi að fá váttryggingarfé hennar. Ákærði Valur var lengi vel tregur til að gera þetta, og áttu ákærðu um þetta mörg samtöl. Þar kom þó, að ákærði Valur tók að sér að gera þetta, og kvöldið 27. júlí f. á. ók hann bifreiðinni upp í Svínahraun. Þar ók hann henni út af veginum og á hraungjótubakka. Kveikti þar í henni og renndi henni síðan niður í gjótuna, og þar brann hún. Ákærði Guðmundur hafði boðið ákærða Val 3 þúsund krónur fyrir að kveikja í bifreiðinni, en það hafði ákærði Valur ekki þegið, og vann hann verk þetta án þess að ætla að hagnast á því sjálfur, heldur vegna kunningsskapar við ákærða Guðmund og fyrir þrábeðni hans. Þegar þetta var um garð gengið, hætti ákærði Guðmundur við að krefjast váttryggingarfjár bifreiðarinnar og hefur að eigin sögn og samkvæmt vottorði Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f aldrei krafizt greiðslu þess. Þar sem eigi verður talið, að almannahætta hafi verið samfara bruna bifreiðarinnar, þykja ákærðu eigi hafa gerzt brotlegir við XVIII. kafla hegningarlaganna.

Það atferli ákærðu, sem lýst hefur verið, varðar refsingu samkvæmt 248. gr. hegningarlaganna, sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga varðandi ákærða Guðmund. Þykir refsing þeirra, hvors um sig, hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Eigi eru skilyrði til að láta gæzluvarðhald ákærða Guðmundar koma til frádráttar refsingu hans.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Guðmund ber að dæma til að greiða málsvagnarlaun skipaðs verjanda sins, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 300.00. Ákærða Val ber að dæma til að greiða málsvagnarlaun skipaðs verjanda sins, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 300.00.

Allan annan kostnað sakarinnar skulu ákærðu greiða in solidum. Rekstur málsins hefur verið vítalas.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Guðmundur Þorvarðsson og Valur Einarsson, sæti hvor fangelsi í 4 mánuði.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Guðmundur Þorvarðsson greiði málsvagnarlaun skipaðs verjanda sins, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 300.00.

Ákærði Valur Einarsson greiði málsvagnarlaun skipaðs verjanda sins, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 300.00.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.